

**Ed.**

**336. Nefndarálit**

[106. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa hf. Olíumöl innflutning á olíupramma.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Eins og fram kemur í greinargerð þess er hér um að ræða mjög gamalt skip sem ekki er heimilt að flytja til landsins nema með sérstöku leyfi ráðherra. En samkv. 27. gr. laga nr. 52 1970 getur ráðherra veitt það, ef um er að ræða skip, sem eru sérstakrar gerðar, úr sérstöku efni eða með sérstökum vélabúnaði, svo og skipum, sem gerð eru til sérstakra ferða í sérstökum tilgangi. Meðmæli siglingamálastjóra þarf þó til slíks leyfis.

Í bréfi siglingamálastjóra til samgönguráðuneytisins um málið kemur fram, að hann telur réttara, vegna þess fordæmis, sem innflutningur þessa skips gæti valdið, að Alþingi taki ákvörðun um heimild til kaupa á því, eins og lagt er til í þessu frv.

Vegna þess sérstaka verkefnis, sem þessum pramma er ætlað, telur nefndin rétt að veita slíkt leyfi og mælir því með samþykkt frv.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Jón Árnason, Jón G. Sólnes og Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi, 23. febr. 1977.

Jón Helgason,  
form., frsm.

Halldór Ásgrímsson,  
fundaskr.  
Stefán Jónsson.

Steinþór Gestsson.